

**AUGLÝSING****um gjald til Almanakssjóðs.**

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt téðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1986 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 1,50 kr. fyrir hvert eintak.

*Menntamálaráðuneytið, 2. desember 1985.*

**Sverrir Hermannsson.**

*Árni Gunnarsson.*

**AUGLÝSING****um umferð í Flateyrarhreppi.**

Eftir samþykkt hreppsnefndar Flateyrarhrepps og með heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 er hér með ákveðið, að neðsti hluti Hafnarstrætis á Flateyri frá Hafnarstræti 4 til suðurs að mótum Hafnarstrætis og Brimnesveggar skuli lokaður almennri umferð alla virka daga frá kl. 07.00 árdegis til kl. 19.00 síðdegis.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Ísafjarðarsýslu, 3. desember 1985.*

**Pétur Kr. Hafstein.**

**Staðfesting forsetans** á skipulagsskrá fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandantum af dómsmálaráðherra 25. nóvember 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir sjóðinn Skútu í Mývatnssveit.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skúta. Starfssvið hans er Skútustaðahreppur.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er síra Hermann Hjartarson, skólastjóri að Laugum, prestur að Skútustöðum 1916—1944. Stofnfé sjóðsins er 15 000,00 — fimmtánþúsund — gamlar krónur, sem stofnandi lagði á vöxtu í árslok 1948.

## 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja lið bændum og öðrum í Mývatnssveit, er byggja íbúðarhús eða peningshús á jörðum sínum eða lóðum. Skulu þeir eiga kost á að fá lán af sjóðnum í allt að 3 ár, án vaxtagreiðslu. Heimilt er þó stjórn sjóðsins að verðtryggja slík lán hverju sinni. Enginn hefur rétt til láns úr sjóðnum nema einu sinni. Forgang á láni hafa þeir sem ekki hafa fengið lán úr sjóðnum áður.

## 4. gr.

Samkvæmt fyrirmælum stofnanda sjóðsins fer sveitarstjórn Skútustaðahrepps með fjárhald hans og stjórnar honum og ábyrgist fyrir sveitarsjóðsins hönd, að fé sjóðsins glattist ekki í útlánnum og rýrni ekki að verðgildi.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður hverjum skuli veitt lán úr sjóðnum. Útlán úr sjóðnum skulu miðast við, þegar viðkomandi hús er tekið í notkun. Fé sjóðsins má ekki skipta í meira en 3 lán. Reikningur sjóðsins skal yfirfarinn af kjörnum endurskoðendum sveitarsjóðsreikninga árlega.

## 6. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins er: 1. janúar 1986 kr. 165 702,00 og síðar meir einnig gjafir, áheit, samskot og hvers konar önnur fjáröflun, sem stjórn sjóðsins þykir vel við eiga að stofna til, hans vegna.

## 7. gr.

Skipulagsskrá þessi er sett af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, samkvæmt frumdrögum, er stofnandi sjóðsins lagði henni í hendur við afhendingu stofnfjárins og endurskoðuð í samráði og með samþykki barna stofnanda. Gengst sveitarstjórn, fyrir hönd Skútustaðahrepps, undir þær skuldbindingar, sem í henni felast.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## AUGLÝSING

### um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar og um staðfestingu á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 26. nóvember 1985 staðfest breytingu á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti Hafnarfjarðar á svæði sem markast af Lækjargötu, Hringbraut og Öldugötu. Þá hefur ráðuneytið þennan sama dag staðfest deiliskipulagsuppdrátt svæðis er markast af Lækjargötu, Hringbraut, línu suð-austanvert við lóðina Bröttukinn 1-3 og Öldugötu.